

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/29/16

nr. 49/2015

frá 20. mars 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1226/2014 frá 17. nóvember 2014 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1228/2014 frá 17. nóvember 2014 um veitingu og synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1229/2014 frá 17. nóvember 2014 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 91. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1154/2014) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „92. **32014 R 1226**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1226/2014 frá 17. nóvember 2014 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjtið. ESB L 331, 18.11.2014, bls. 3).
93. **32014 R 1228**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1228/2014 frá 17. nóvember 2014 um veitingu og synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjtið. ESB L 331, 18.11.2014, bls. 8).
94. **32014 R 1229**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1229/2014 frá 17. nóvember 2014 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 331, 18.11.2014, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1226/2014, (ESB) nr. 1228/2014 og (ESB) nr. 1229/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.11.2014, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.11.2014, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.11.2014, bls. 14.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.